



Sérstök skilyrði - Bæjarráð Árborgar - Byggðakvóti fiskveiðisins 2015-2016

Almennt: Tölvupóstur

Málsnúmer: ANR15090037

Málalyklar: 11.3.1 Sérstakar úthlutanir aflaheimilda

Eigandi skjals: Sigurbjörg Óladóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 06.11.2015

Dagsetning skjals: 06.11.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>

---

Frá: Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>

Dags: 06.11.2015 14:33:02

Til: "postur@anr.is" <postur@anr.is>

Efni: Bæjarráð Árborgar - Byggðakvóti fiskveiðisins 2015-2016

---

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 5. nóvember sl. var tekið fyrir svar Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, við umsókn sveitarfélagsins um byggðakvóta fiskveiðisins 2015-2016.

Eftirfarandi var bókað:

*Bæjarráð samþykkir eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir Sveitarfélagið Árborg.*

*Ákvæði reglugerðar nr. 605/2015 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:*

*a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisins, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.*

*b) 2. mgr. 4. gr. fellur brott.*

*c) Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður:*

*Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið 1,5 földu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.*

*Rökstuðningur:*

*Í byggðarlögunum Eyrarbakka og Stokkseyri háttar þannig til að ekki er hafnaraðstaða til löndunar afla. Nauðsynlegt er því að veitt verði undanþága frá þeirri skyldu að afla sem fellur til á grundvelli byggðakvóta sé landað í viðkomandi byggðarlagi. Verði slík undanþága veitt verður fiskiskipum, sem fá byggðakvóta úthlutað, unnt að landa afla í öðrum höfnum. Megináhersla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerðar nr. 605/2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa er að styrkja atvinnusköpun innan byggðarlaga sem uppfylla tiltekin skilyrði með úthlutun byggðakvóta.*

*Í sveitarfélaginu eru reknar fiskvinnslur, tvær á Stokkseyri og ein á Eyrarbakka.*

*Fiskvinnslurnar eru allar litlar og sérhæfðar og því nauðsynlegt að heimilað verði að vinna aflann innan sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir að byggðakvótinn falli niður.*

*Bæjarráð óskar eftir að reglunum verði breytt á þann veg að ekki þurfi að skila tvöföldu magni til vinnslu, heldur verði miðað við stuðulinn 1,5. Ástæðan er sú að fiskvinnslurnar í Árborg eru sérhæfðar og litlar og vinna einkum ýsu. Erfitt er að fá ýsukvóta og því sýnt að útgerðirnar myndu lenda í vanda með að skila tvöföldu aflamarki til vinnslu.*

Framangreint tilkynnist hér með.

**Með kveðju,  
Rósa Sif Jónsdóttir  
ritari**

**rosa@arborg.is**

**sími 480 1900 fax 480 1901**

*Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.*